

LÖG

um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru (innflutningur búfjárafurða).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „landinu“ í c-lið 1. gr. laganna kemur: eða sem fluttar eru til landsins.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- a. Orðin „hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg“ í a-lið falla brott.
- b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: hráar og lítt saltaðar sláturafurðir, bæði unnar og óunnar, hrá egg, ógerilsneydda mjólk og mjólkurafurðir sem eru upprunnar í ríkjum sem ekki eru samningsaðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í Sviss, á Grænlandi eða í Færeyjum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að fela Matvælastofnun að leyfa innflutning á þessum vörum og setja þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja að búfé stafí ekki hætta af slíkum innflutningi.

3. gr.

Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fyrirskipa hverjar þær ráðstafanir sem kveðið er á um í 8. gr. til að hefta útbreiðslu sýklalyfjaónæmra bakteríustofna. Ráðherra er jafnframt heimilt að setja reglugerð í þessu skyni.

4. gr.

Á eftir 29. gr. a laganna kemur ný grein, 29. gr. b, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að vísa til erlendar frumútgáfu reglugerða við innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með einfaldaðri málsmeðferð. Birta skal erlendu frumútgáfuna í C-deild Stjórnartíðinda.

II. KAFLI

Breyting á lögum um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum.

5. gr.

Á eftir 1. másl. 1. gr. laganna kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Jafnframt skal tryggja að Ísland verði í fararbroddi í aðgerðum til að koma í veg fyrir útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería með matvælum og koma í veg fyrir að nýir smitsjúkdómar og ákveðnar tegundir sýklalyfjaónæmra baktería berist til landsins.

6. gr.

Við 8. gr. a laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Óheimilt er að dreifa ómeðhöndluðum sláturafurðum alifugla á markaði nema sýnt sé fram á gagnvart opinberum eftirlitsaðilum að staðfest hafi verið með sýnatöku á eldistíma eða við slátrun að ekki hafi greinst kampýlóbakter í fuglunum. Nánar skal skilgreina í reglugerð hvað felst í meðhöndlun í skilningi ákvæðisins. Stjórnandi matvælafyrirtækis, sbr. 8. gr. b, skal leggja fram vottorð um niðurstöðu sýnatöku þess efnis að ekki hafi greinst kampýlóbakter í fuglunum á eldistímanum eða við slátrun eða sönnur fyrir viðeigandi meðferð sláturafurðanna sem leiðir til þess að magn kampýlóbacters minnki verulega eða hverfi. Ráðherra skal kveða nánar á um skilyrði samkvæmt ákvæði þessu í reglugerð.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um ráðstafanir í frumframleiðslu og dreifingu matvæla í því skyni að hefja útbreiðslu sýklalyfjaónæmra bakteríustofna.

7. gr.

Við 22. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Að fenginni tillögu Matvælastofnunar er ráðherra heimilt að fela stofnuninni að annast framkvæmd sýnatöku hjá matvælafyrirtækjum, sbr. 4. gr.

8. gr.

Í stað 1. másl. 1. mgr. 27. gr. a laganna koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Matvælastofnun er heimil skyndiskoðun og sýnataka til rannsókna á búfjár- og sjávarafurðum sem fluttar eru til Íslands frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins. Henni er jafnframt heimilt að annast eftirlit þegar rökstuddur grunur er um að matvæli séu heilsuspillandi eða óhæf til neyslu eða geti valdið dýrasjúkdómum.

9. gr.

Á undan 31. gr. laganna kemur ný grein, 30. gr. f, svohljóðandi:

Opinberir eftirlitsaðilar geta lagt stjórnvaldssektir á matvælafyrirtæki sem brýtur gegn 6. mgr. 8. gr. a og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli laga þessara.

Við ákvörðun stjórnvaldssekta skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi:

- a. alvarleika brots,
- b. hugsanlegra skaðlegra áhrifa brots á neytendur,
- c. hvað brotið hefur staðið yfir lengi,
- d. ávinnings matvælafyrirtækis af brotinu,
- e. stærðar og veltu matvælafyrirtækis,
- f. fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Stjórnvaldssektir sem lagðar eru á matvælafyrirtæki, sbr. 4. gr., geta numið frá 25 þús. kr. til 25 millj. kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar skal líta til þess hvort um sé að ræða brot af

ásetningi eða gáleysi. Ákvörðun um stjórnvaldssekt samkvæmt þessari grein er aðfararhæf og skulu sektirnar renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Gjaldldagi stjórnvaldssektar er 30 dögum eftir að ákvörðun um sektina var tekin. Sé stjórnvaldssekt ekki greidd innan 15 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar frá gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

10. gr.

Við 31. gr. a laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að vísa til erlendar frumútgáfu reglugerða við innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með einfaldaðri málsmeðferð. Birta skal erlendu frumútgáfuna í C-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru,
nr. 22/1994, með síðari breytingum.**

11. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að vísa til erlendar frumútgáfu reglugerða við innleiðingu reglugerða Evrópusambandsins sem teknar eru upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með einfaldaðri málsmeðferð. Birta skal erlendu frumútgáfuna í C-deild Stjórnartíðinda.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða á um ráðstafanir í framleiðslu og dreifingu fóðurs í því skyni að hefta útbreiðslu sýklalyfjaónæmra bakteríustofna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020 nema 4., 10. og 11. gr. sem öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 1. júlí 2019.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Kristján Þór Júlíusson.